

**REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1963.

**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1963 B., 99, bls. 238):	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 85375.35
2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu .....	— 7256.90
	<hr/>
	kr. 92632.25
	<hr/>
	Kr. 92632.25

**Gjöld:**

Sjóður til næsta árs:	
Innstæða í Söfnunarsjóði .....	kr. 92632.25
	<hr/>
	Kr. 92632.25

*Í samgöngumálaráðuneytinu, 30. marz 1964.*

**Brynjólfur Ingólfsson.**

Nr. 78.

30. apríl.

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 30. apríl 1964.**

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ**

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar.

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður af syni Þórönnu Gunnlaugsdóttur og Halldórs Jónssonar, Jóni Halldórssyni, Sólvöllum 1, Garðahreppi, Gullbringusýslu, samkvæmt arfleðsluskrá, dagsettri 14. apríl 1961.

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er andvirði allra eftirlátinna eigna Jóns Halldórssonar, og er nú kr. 565844.40.

**4. gr.**

Sjóðurinn er eign Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu, en lýtur sérstakri stjórn og verður eigi ráðstafað nema samkvæmt skipulagsskrá þessari.